
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 1999-01

Fundartími: Þriðjudagur 2. febrúar 1999 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni: 1) Raforkunotkun ársins 1998.

1. Áætlun ársins, starfshættir og skipulag vinnu ársins.
2. Gögn um árið 1998 (rúmmál húsrýmis, notkunarflokkar raforku og aflaggn).
3. Raforkuspá og upplýsingar á Internetinu.
4. Endurskoðun á söfnun gagna um afl.
5. Samskipti milli fundarmanna, fundarboð og fundargerðir
6. Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn: Guðmundur Guðmundsson
Ívar Þorsteinsson
Guðmundur Valsson
Jónas Guðlaugsson
Ólafur Pálsson
Rán Jónsdóttir

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

1. JV dreifði töflum um raforkunotkun ársins 1998. Raforkuvinnslan jókst um 12,4% á árinu vegna aukinnar notkunar stóriðju en þar var aukningin 23,0%. Almenn notkun minnkaði um 1,0% og flutningstöp og eigin notkun Landsvirkjunar jukust um 29,0%. Almenn notkun forgangsorku jókst um 3,3% og ótryggð orka minnkaði um 26,0%. Eftir leiðréttingu er aukning almennrar notkunar -1,6% en ef einungis er litið á forgangsorkuna er aukningin 2,7% og 26,8% minnkun í ótryggðu orkunni. Síðasta ár var heldur kaldara en árið 1997 og því minnkar aukningin við leiðréttingu en 1998 var þó hlýrra en meðalárið. ÓP benti á að eigin notkun Landsvirkjunar væri innifalin í

töpunum og sagði JV að þegar raforkunotkunin væri tekin saman greindi hann eigin notkunina frá töpunum. Spurning væri hvort við ættum að breyta þessum töflum á þessu ári og aðgreina eigin notkunina frá töpunum og voru fundarmenn sammála því.

2. JV sagði að veiturnar væru búnar að samþykkja áætlunina en ekki væri komið formlegt samþykki frá Orkustofnun. Hann sagðist hafa verið með sumarstarfsmann með sér í þessum verkefnum síðasta sumar og nú væri hann að leita að starfsmanni til að vinna með sér að verkefnum á sviði orkumála sem mundi þá m.a. koma að þessari vinnu.
3. JV sagði að notkunarflokkarnir væru að berast og einungis væri eftir að fá þá frá Orkubúi Vestfjarða, Rafveitu Reyðarfjarðar og Rafveitu Hveragerðis. Aflgögn væru komin frá Landsvirkjun og GG sagði að gögn Rarik væru væntanleg mjög fljótlega. JV sagðist ekki vera farinn að fá gögn frá Fasteignamatinu og þyrfti hann að fara að ýta á þá. Orkuspárnefnd sendi frá sér fréttatilkynningu um raforkunotkun fyrir ári síðan og fannst fundarmönnum eðlilegt að það yrði einnig gert núna. Þar væri einnig rétt að vekja athygli á heimasíðu nefndarinnar.
4. JV sagði að endurreiknaða raforkuspáin væri öll komin á netið og einnig hefði heimasíðan verið snyrt til. Hana er að finna bæði hjá Orkustofnun og Afli og sagðist JV senda síðurnar til Orkustofnunar þegar þær væru tilbúnar en þróun þeirra fer fram á vefnum hjá Afli. Fundarmenn ætla að athuga með teningar frá heimasíðum sinna fyrirtækja og hvatti JV menn til að skoða síðuna.
5. Varðandi söfnun gagna um afl kom fram hjá JV að þegar sú söfnun hófst fyrir nokkrum árum síðan var ákveðið að takmarka söfnunina við raforkuvinnsluna og heildsöluna. Nú er spurning hvort ekki sé áhugavert að safna gögn á fleiri stöðum í kerfinu til að fá betri upplýsingar um einstök svæði og einnig er spurning hvort safna eigi gögnum um launafl. Nokkur umræða varð um þetta og var JV falið að ræða við Landsvirkjun um þeirra mælingar á launafli. GG ætlar að taka saman lista yfir þær mælingar sem eru í gangi hjá Rarik á raunafli og sagði hann einnig að þeir væru að hefja mælingar á launafli en þeir hafa keypt 20 mæla til slíkra nota.
6. JV lagði til að fundarboð yrðu eftirleiðis send með tölvupósti og að fundargerðir væru ekki sendar heldur hafðar á netinu þar sem menn gætu skoðað þær. Samþykkt var að prófa þetta en JG bað um að fá upplýsingar einnig í pósti.
7. GV benti á ráðstefnu um vindmillur sem verður haldin 26. mars þar sem m.a. munu verða danskir sérfræðingar á þessu sviði. GG benti á að inn í tölur um raforkunotkun og vinnslu vantaði tölur frá smávirkskjunum. Menn töldu líklegt að hjá slíkum aðilum væru engar mælingar á vinnslunni. JV spurði hvernig gera ætti upp orkukaup Norðuráls á síðasta ári og sagði RJ að þar væri um forgangsorku að ræða. JV benti á nóvemberhefti á Spectrum (blað IEEE) þar sem fjallað er um rafmagnsbíla. ÓP benti á að væntanlega yrði þungaskattur felldur niður af slíkum fólksflutningabílum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:10. Næsti fundur ákveðinn 2. mars 1999.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Raforkunotkun 1998 (JV, sjá www.afl.is).
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita (JV sjá www.afl.is).